

# Sól, sól skín á mig

Sól, sól skín á mig,  
Ský, ský burt með þig ,  
Gott er í sólinni að gleðja sig,  
Sól, sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í blænum,  
Sveitirnar klæðast nú feldinum grænum,  
Ómar allt lífið af ylríkum söng,  
Unaðsbjörtu dægrin löng.

Sól, sól skín á mig,  
Ský, ský burt með þig ,  
Gott er í sólinni að gleðja sig,  
Sól, sól skín á mig.

